

## Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun (sogv)

### Símafundur haldinn þann 30. apríl 2010 kl. 8:00 – 9:30

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður  
Böðvar Pétursson  
Eiríkur Björn Björgvinsson  
Elín Heiða Valsdóttir  
Hjalti Þór Vignisson  
Magnús Hallgrímsson  
Ólöf Ýrr Atladóttir  
Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri  
Þórunn Pétursdóttir  
Björg Ágústsdóttir, Alta  
Árni Geirsson, Alta  
Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

#### Dagskrá:

- Vonarskarð – akstur eða ekki akstur?
- Skálar – skilmálar
- Þjóðvegir og veghald – staða mála
- Staða mála í tillögum að verndaráætlunum frá svæðunum
- Hagsmunaaðilagreining
- Staða í skrifum, einstakir kaflar
- Reiðvegir
- Önnur mál
- Næstu skref

Anna Kristín setti fundinn.

Vonarskarð – vegalagning og opnun vegar

- Tekin upp umræða frá síðasta fundi, þar sem ný gögn hafa borist stjórn víðsvegar að.
- Anna Kristín opnaði umræðuna og kvað að erfitt gæti orðið að halda vegi um Vonarskarð opnum hluta af sumri. Kvað sannfærandi rök fyrir því að málamiðlun gangi ekki.
- Í umræðunni kom fram að Samút hefur samþykkt einróma að vegurinn verði alveg lokaður og að Vonarskarð verði gönguland. Þó eru enn skiptar skoðanir innan vébanda 4x4. Magnús lagði áherslu á að hagar garðsins væri hafður að leiðarljósi í þessu sambandi og tók Þórunn undir það. **\*Sjá bókun stjórnar 27. apríl 2011 í lok þessarar fundargerðar.**
- Niðurstaða að Þórður taki saman umsagnir sem fyrir liggja í dag og sendi stjórnarmönnum, þannig að stjórnin hafi öll gögn sem borist hafa. Umræðu frestað til næsta fundar.

Tillögur frá svæðisráðum að sogv: Niðurstaða að þær þurfa að vera komnar inn áður en stjórnunar- og verndaráætlun er endanlega auglýst. Suður svæðið lauk sinni tillögu í síðustu viku þannig að nú liggja fyrir lokatillögur frá öllum svæðum nema vestursvæði.

Skálamál og skilmálar

- Björg reifaði málið, en hægt er að taka ýmsa póla í hæðina. Best væri að setja almenna meginreglu um hver eigi að vera not skála sem byggðir verði í garðinum. Leyfi og skilmálar fyrir skálum í einkaeigu, sem fyrir eru á svæðinu, þurfi að skoða hvern fyrir sig og hver réttindi séu sem á þeim byggist. Gera þurfi líka mun á hvort land er eignarland eða þjóðlend, en í því sambandi þarf að skoða skilmála í samningum þjóðgarðsins við landeigendur um friðlýsingu eignarlanda, o.fl. Alta falið að vinna að tillögu að stefnu á grunni umræðu stjórnar. Þórður sendir samninga á milli landeigenda og ráðuneytis til Bjargar.

- Vegir
- Björg hefur skoðað þau mál með Vegagerðinni og Dýrleifu hjá Lex. Beint hefur verið fyrirspurn til Vegagerðarinnar varðandi túlkun á forsendum flokkunar tengivega og þar með veghalds Vegagerðarinnar. Vilji stjórnar er alveg skýr, að allir vegir innan þjóðgarðs, sem ekki heyri undir einkaaðila, heyri undir veghald Vegagerðarinnar. Gengið verður frá texta um þetta í sogv fyrir næsta stjórnarfund.

Elín Heiða vék af fundi

#### Hagsmunaaðilagreining

- Björg fór yfir um hvað málið snýst. Að þjóðgarðurinn þurfi m.a. á grunni laga um þjóðgarðinn, sogv og vegna ECST að greina sína lykilhagsmunaaðila og mikilvægustu samstarfsaðila. Hægt væri að stefna að því að tilbúin sé greining á mikilvægustu samstarfsaðilum, þegar sogv verður samþykkt. Á sumum svæðum hafa verið unnir listar yfir samstarfsaðila, en því til viðbótar þarf að kortleggja væntingar og áhrif samstarfsaðila og nýta niðurstöður við forgangsörðun verkefna, sbr. t.d. aðgerðaáætlun. Ákveðið var að fresta þessu um sinn.

#### Staða í skrifum:

- Halldóra fór yfir. Það er smám saman að koma heildarmynd á sogv og allnokkrum köflum lokið eða að ljúka hjá Alta. Nú er verið að uppfæra 9. kafla í kjölfar síðasta stjórnarfundar þann 27. apríl. Þar eru örfáir lausir endar eftir.
- Kaflar 5, 6 og 7; leiðarljós, framtíðarsýn og markmið. Þeim köflum er lokið af hálfu Alta, en Alta hefur lagfært þá m.t.t. athugasemda og ábendinga frá stjórn o.fl. Farið var yfir breytingatillögur á meginmarkmiðinu Að skapa og yfir nýtt starfsmarkmið, á grunni ábendinga frá Þórunni og Elínu Heiðu meðal annars hvað varðar samstarf við bændur. Niðurstaða að gott hefði verið að taka þessa umræðu lengra í ljósi gamalla tillagna frá Roger Croft, en ákveðið að láta við svo búið standa.
- Næstu skref eru þau að Alta mun senda „lokadrög í pdf“ að köflum til stjórnar eftir því sem vinnunni vindur fram yfir helgina – ekki verða því send út eiginleg heildstæð “fimmtu drög”. Síðan verður farið yfir alla kafla á næsta fundi þ.a. þeir verða bornir undir stjórn.

Anna Kristín, Þórunn og Eiríkur véku af fundi

#### Reiðvegir

- Búið er að lagfæra lista yfir reiðleiðir og verða þeir bornir undir þjóðgarðsverði í dag. Rætt var um eina nýja leið, þ.e. „Biskupaleið“. Böðvar benti á að hún væri ekki á svæðisskipulagi m.a. vegna þess hve viðkvæm hún væri. Ummerki væru mikil þegar stóð hefðu farið þar í gegn og því hafi hún vísitandi verið tekin út úr svæðisskipulaginu, en í staðinn hefði verið tekin upp ný reiðleið milli Mývatnssveitar og Möðrudals um Upptýppinga. Niðurstaða var sú að sleppa Biskupaleiðinni. Bætt verður við upplýsingum um áningarhólf, o.fl.

#### Önnur mál – veldur eitthvað áhyggjum í stöðunni?

- Fundarmenn tilgreindu engin sérstök atriði þar að lútandi.
- Böðvar benti á nauðsyn þess að skýra leyfisveitingaferlið í kafla 2.4. (framkvæmdaleyfi sem sveitarstjórnir veita) m.a. m.t.t. þess gangs sem verið hefur á málum fram til þessa. Mikilvægt sé að þjóðgarðsvörður viti af fyrirhuguðum framkvæmdum í tíma. Ákveðið var að bætt verði við í kafla 2.4. í tengslum við leyfisveitingar að við útgáfu framkvæmdaleyfis þá þurfi að liggja fyrir að framkvæmd hafi verið kynnt þjóðgarðsverði, en um það er rætt í reglugerð. Það tryggi að við upphaf allra framkvæmda verði haft samband við þjóðgarðsvörð.

#### Næstu skref:

- Haldið verður áfram að uppfæra þá kafla sem eftir eru og þeir sendir til stjórnar um leið og þeir eru tilbúnir sbr. hér að ofan.
- Stefnit er að því að ljúka sogv í næstu viku til auglýsingar. Það er tæpt, en verður reynt til þrautar.
- Annað það helsta sem þarf að vinna er kreditlisti, IUCN flokkun, leysa skálaskilmála, skrifa kafla um endurskoðun og auglýsingu, taka á ósnortnum víðernum og Vonarskarði.

Næsti fundur stjórnar, þann 4. maí frá 10 til 15. Fundi slitið.

Fundarritari Halldóra

**\* Bókun stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs í fundargerð 27. apríl 2011:**

*"Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs vísar til eftirfarandi bókunar í fundargerð stjórnar þann 30. apríl 2010:*

*„Í umræðunni kom fram að Samút hefur samþykkt einróma að vegurinn verði alveg lokaður og að Vonarskarð verði gönguland. Þó eru enn skiptar skoðanir innan vébanda 4x4. Magnús lagði áherslu á að hagur garðsins væri hafður að leiðarljósi í þessu sambandi og tók Þórunn undir það.“*

*Athygli stjórnar hefur verið vakin á því að sú fullyrðing sem þarna kemur fram um að Samút hafi samþykkt einróma að vegurinn um Vonarskarð verði gönguland, sé á misskilningi byggð. Í tillögu Jöklarannsóknarfélagsins til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 12. apríl 2010 sé ekki fjallað um aðgengi um Vonarskarð. Þessa tillögu hafi fundur Samút samþykkt og gert að sinni, sbr. bréf Skúla H. Skúlasonar f.h. Samút þar um. Í þessu samhengi bendir stjórn á efnislega umræðu um Vonarskarð á fundi stjórnar þann 4. maí 2010.*

*Stjórn fellst því á að hið rétta verði áréttað vegna fundargerðar stjórnar frá 30. apríl 2010, þar sem umrætt atriði varð ekki tilefni til athugasemda hjá stjórnarmönnum við frágang fundargerðarinnar á sínum tíma. "*